

1129. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. maí 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.
Gestir fundarins: Elías G. Magnússon sviðsstjóri og Viðar Ingason hagfræðingur

Dagskrá:

1. Fundargerð 1128. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1128. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Undir þessum dagskrárlið ræddi Ólafía Björk hvernig hefði tekist til með hátíðina Fyrirtæki Ársins, sagði hún líka frá fyrirhuguðu kaffiboði með eldri félagsmönnum í Hörpu á morgun og vorferð trúnaðarmanna og trúnaðarráðs með starfsmönnum og stjórn þann 20. maí n.k.

Þá sagði hún stuttlega frá fyrirhuguðum morgunverðarfundum í tengslum við Fyrirtæki Ársins sem verður haldinn á Grand hóteli þann 19. maí n.k.

Varðandi Fyrirtæki Ársins þá kom fram að VR sjálft tekur ekki sæti á lista til að skyggja ekki á aðra en ljóst er að hér hafa skipulagsbreytingar heppnast vel því við höfum nú stökkið upp um 20 sæti á lista og værum í 5. sæti.

2. Staðan á kjaraviðræðum og verkfallsboðun

Ólafía Björk sagði frá því sem gerst hefur í kjaraviðræðum síðustu daga. Þau hittu forsætis- og fjármálaráðherra í síðustu viku. Kom þar fram að forsætisráðherra var mjög ósáttur með ræður okkar 1. maí og varð okkur ljóst að þangað væri ekkert að sækja.

Þá sagði hún frá því að henni hefði borist harðort bréf frá formanni stéttarfélags kennara vegna ummæla hennar í blaðinu Vinnan sem var þó vegna misskilnings og hefur því verið svarað.

Varðandi nýjar hugmyndir SA sem fjalla um heildarmarkaðinn sagðist hún jákvæðari en aðrir. Viðar hagfræðingur hefur reiknað þetta inn í okkar kerfi og virðist um umtalsverðar hækkanir að ræða og er það helst vegna þess að okkar fólk er meira í dagvinnu en félagsmenn hjá Flóanum.

Annar samningafundur var í morgun og voru þar m.a. rædd starfsmenntamálin. Kynntar voru hugmyndir okkar um 3 þrepa starfagreiðingu en enn vantar þó upphæðir inná þrepin.

SA höfðu endurreiknað hugmyndir sínar eftir ábendingar Flóans en komu þá með allt annað en þær hugmyndir sem þeir kynntu okkur í gær. Nú átti allt í einu skrifstofufólkið að fara út úr útreikningunum og einnig höfðu þeir stillt upp fáránlegum breytingum á vinnutímafyrikomulagi. Við yfirlitum því fundinn.

Á föstudag er fyrirhugaður samningafundur með Flóanum hjá ríkissáttasemjara kl. 9:00.

Ólafía Björk fór nú nánar yfir þessi atriði frá fundinum á glærum þar sem kom fram að um var að ræða hugmynd um 3 ára samning sem gildi frá 1. apríl 2015 – 31. mars 2018. Hækkunir væru 6% 01.05.15 þá 4,5% 01.05.16 og svo 3% 01.05.17. Þá kæmi 2% hækkun 01.05.15 gegn því að dagvinna yrði frá 6:00 – 18:00 í stað þess að vera frá kl. 7:00 eins og nú er og yrði hækkun 01.05.15 því samtals 8%.

Lágmarkslaun fyrir 100% starf yrðu þá:
245. þús. 01.06.15
266. þús. 01.06.16
280. þús. 01.06.17

Heildarhækkun í hugmyndum SA í gær var 23.3% en í dag var hún orðin 18,96%!

Umræður.

3. 3. mánaðaruppgjör

Stefán lagði fram skjalið „VR Árs hlutareikningur Jan-Mar 2015“ og fór yfir helstu atriði á skjá. Kom m.a. fram í máli hans að tekjur hafi verið 730.8 milljónir kr. en áætlun var uppá 711.2 milljónir kr. Hins vegar fór nokkuð meira úr sjúkrasjóði vegna greiðslna sjúkradagpeninga en áætlað hafði verið og munar þar mestu um aukningu í flokkum geð- og stoðkerfissjúkdóma. Þá hafi sala gjafabréfa í flug farið fram úr áætlun en einnig hafi leigutekjur orlofshúsa verið undir áætlun. Margt af því sem er undir áætlun mun þó jafnast þegar líður á árið.

Þá sagði Stefán frá því að mikil vinna í kringum atkvæðagreiðslu og hugsanlegt verkfall hafi raskað vinnu við ýmis verkefni sem verður því að seinka eins og t.d. nýr vefur VR ofl.

Umræður.

4. Úrskurðarnefnd

Ólafía Björk lagði fram skjalið „Drög að reglum fyrir Úrskurðarnefnd VR“ og fór lauslega yfir helstu atriði.



Umræður.

Að loknum umræðum bar hún þessar reglur fyrir Úrskurðarnefnd VR upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 20:35
Árni Leósson, fundarritari